

Veiðistaðalýsing Reykjadalssá

Nokkrir helstu veiðistaðir í Reykjadalssá og Eyvindarlæk

Staðir 1 og 2 ATH fylgir ekki með Reykjadalssá.

Ekið er austur yfir brú á Eyvindarlæk og beygt til hægri skammt austan við brúna (eldri vegur) og bíl lagt þar. Á stað 1 Brennan er möguleiki að hitta á lax á göngu einkum fyrri hluta sumars og þar getur einnig verið nokkur urriðaveiði. Staður 2 Brúarstrengur er fyrsta straumbrot í Eyvindarlæk og möguleiki að finna þar lax sem liggur jafnan neðan við brotið. Þar eru einnig möguleikar á urriða, þó oft fremur smáum. Fara þarf varlega og gjarnan skýla sé bak við runna.

Staðir 5, 6 og 8 fylgir ekki með Reykjadalssá.

Best er að aka Fagranesveg (855) og leggja bíl skammt austan við vestasta íbúðarhúsið á Fagranestorfunni en þar er gönguhlið á greiðri leið að ánni. Staður 8 Strákabryggja er gjöfulasti laxveiðistaður í Eyvindarlæk. Laxinn liggur oftast rétt neðan við hraungarð sem liggur yfir ána (gömul reiðleið) en einnig má hitta á lax bæði ofan við brotið og nokkru neðar. Best er að ganga bakkann (þó ekki of nærri ánni) að stað 6 Skurðbrot og stað 5 Kletthólsvík. Báðir þessir staðir hafa gefið laxa þegar lax staðnæmist í Eyvindarlæk og jafnan er þar einnig urriði. Fara þarf varlega við Eyvindarlæk því hvorki gróður né háir bakkar skýla veiðimanni.

Staðir 11, 12, 13, 14, 15 og 16

Ekin er heimreið að Helgastöðum og beygt til hægri rétt við íbúðarhúsið, farið yfir stuttan slakka og síðan gegnum hlið á veiðiveginum sem liggur til norðurs vestan við túngirðingar Pálmholts, að lokum beygt til norðvestur yfir lyngmó og best að leggja bíl á melhól áður en farið er niður að ánni. Gengið suður með ánni að stað 12 Mayershorn sem ber nafn af erlendum manni Martin Mayer sem dvaldi langdvölum við laxveiðar á þessum stað á árum áður. Mayershorn var á árunum 1975 – 1990 einn af gjöfulustu laxveiðstöðum í ánni. Smá nes (horn) gengur út í ána austanmegin ofarlega á veiðistaðnum og ofan við hornið við austur bakkann er áin dýpst og þar liggur oft lax. Fáum metrum ofar er fyrsta grjót í ánni frá Vestmannsvatni og þegar meira er í ánni má einnig hitta þar á laxa. Algengast er þó að lax veiðist niður frá horninu fremur í austurhluta árinna jafnvel niður undir girðingu, en við girðingarendann getur einnig verið góð bleikjuveiði. Reynandi er einnig að ganga niður með ánni að stað 11 Vatnsendi því þó þar sé lítil laxavon eru góðir möguleikar á urriða og bleikju. Á leið með Pálmholtsgirðingu er rétt að staðnæmast við stað 14 Pálmholtshyl sem er djúpur og veiðilegur en gefur þó sjaldan laxa. Þaðan má ganga niður með ánni að stað 13 Gíslanes sem getur gefið lax og einnig bleikju og urriða. Vænlegra er þó að ganga upp með ánni að stað 15 Kúavað en þar má hitta á lax sem liggur þá gjarnan í streng við norðurbakkann neðan við sjálft vaðið. Fyrir staði 16 Djúpikrókur og Eyvindahorn er ekið suður fyrir íbúðarhús á Helgastöðum og þaðan austur á árbakkann. Þar er nokkur laxavon en þó fremur urriða og bleikjuveiði.

Staðir 17, 18 og 19

Best er að leggja bíl við girðingarhlið rétt vestan við Akrabrúna á Austurhlíðarvegi (846) og ganga norður árbakkann að stað 19 Arkapollur sem getur gefið lax, þaðan er gengið niður að stað 18 Katrínarhyl sem einnig gefur laxavon Bestur þessarar þriggja staða er þó án efa staður 17 Hamrarákúkur. Hylur er við horn á ánni þar sem hún fellur fram af streng við vesturbakkann og efst í hylnum upp við strenginn liggur oft lax.

Staðir 33 og 34

Af Austurhlíðarvegi er ekin malborin slóð vestur undir árbakka og þaðan er skammt í stað 33 Ármót, en þar mætast Reykjadalssá og Seljadalssá. Lax liggur gjarnan við norðurbakkann skammt neðan við ármótin en getur einnig legið skammt ofan við ármótin. Mest er laxavon síðsumars þegar lax býr sig undir að ganga í Seljadalssána. Síðan er genginn árbakkinn að stað 34 Halldórshylur sem oft er með gjöfulli laxveiðistöðum í ánni. Laxinn liggur oftast efst í hylnum, jafnvel undir moldarbakkanum að vestanverðu en getur einnig legið niður með öllum vestari bakkanum. Hér eins og raunar víðast í Reykjadalssá gildir að fara varlega og stygga ekki laxinn.

Staður 35

Bíl er lagt í vegkant á Austurhlíðarvegi (846) beint austur af stað 35 Illakelda en þaðan er örskammt að veiðistaðnum. Varast skal að ganga fram á bakkann beint yfir hylnum því betra er að veiða hylinn vestanfrá. Þá er gengið um 100 metra upp með ánni og þar vaðið norðuryfir. Í Illukeldu er stór torfhnaus í miðjum hylnum og liggur laxinn gjarnan ofan við torfuna en getur einnig legið í hylnum neðan við torfuna og jafnvel lengra niður með Austurbakkanum.

Staðir 53, 54, 55 og 56

Hægt er að aka austan ár fram í Hjalla og ganga þaðan að ánni, en einfalt er einnig að leggja bíl vestan ár við heimreið í Daðastaði. Þá er gengið niður að stað 53 Fjóspollur en þar liggur laxinn gjarnan við grjót neðarlega í pollinum nær norðurbakka. Síðan er gengið upp með ánni og best er að vaða austuryfir áður en komið er að stað 54 Svartibakki. Lax liggur oft undir vesturbakka ofarlega í hylnum þar sem áin beygir til austurs en getur einnig legið niður með bakkanum að norðanverðu. Síðan er haldið upp með ánni að austan að stað 55 Bæjarlækur. Pollurinn lætur ekki mikið yfir sér en þar er ótrúleg oft lax að finna, gjarnan við grjót neðarlega að vestan. Að lokum er haldið upp með ánni að austan upp í stað 56 Góðihvammur. Þar má hitta á lax á góðum degi sé nægt vatn í ánni.

Staður 57

Beygt er til hægri niður á tún á móts við heimreið í Lyngbrekku sé komið að norðan eftir þjóðvegi 1. Í austurjaðri túns sem liggur norður með þjóðvegi er slóð norðaustur yfir móinn og þaðan niður að árbakka beint ofan við stað 57 Ullarpollur. Best er að ganga niður að ánni

nokkuð ofan við pollinn og læðast síðan niður með vesturbakka. Stríður strengur er niður í pollinn og liggur laxinn gjarnan nokkuð niður með austurbakka en getur einnig legið upp við Strenginn.

Staðir 59, 60, 61 og 62

Ekið er austur af Þjóðvegi 1 á móti bjarginu og bíl lagt í stæði á bjargbrún. Gott er að tylla sér á bjargbrúnina þar sem vel sér yfir veiðisvæðið og fylgjast með mögulegri hreyfingu á veiðistöðunum tveimur. Rétt er að feta sig niður skriðurnar að ánni nokkru sunnan við veiðistaðinar til að styggja ekki lónbúann. Hentugt er að hefja veiðina á stað 60 Fosspollur. Fosspollur hefur ætíð verið einn gjöfulasti veiðistaður í ánni, enda fossinn nokkur fyrirstaða. Lax liggur oft nærri norðurbakka jafnvel upp undir fossi, en einnig í alldjúpum hyl í miðri á og allt niður að broti. Vegna dýpi og straums getur hjálpað að sökkva flugunni. Þegar yfirferð yfir Fosspoll er lokið er tímabært að færa sig niður að stað 59 Bjarghylur sem er einn fallegasti veiðistaður í ánni, sjá mynd. Laxar liggja oft neðarlega í strengnum nærri grjóti við austurbakka og má oft sjá þá af bjargbrúninni. Þeir geta einnig legið niður á breiðunni og þar jafnvel sýnt hitch áhuga. Á stað 61 Breiðan getur víða legið lax þegar nægt vatn er í ánni, allt frá fossbrún upp undir klapparflúðir. Efstur þessarra staða er 62 Litli Fosspollur, staðurinn er gjöfulli en ætla mætti og þar liggur oft lax í miðjum hyl norðanverðum og allt niður undir brot. Hér eins og víðast við ána gildir að fara varlega og veiða því hylinn nokkuð ofan frá en ekki af sjálfum norðurbakka.

Staður 66

Farið er austur af Þjóðvegi 1 á móti Stafns vegi og ekinn mýrlendur vegslóði til norðvesturs og niður undir á. Genginn er síðasti spölur að stað 66 Syðstalág. Þetta er einn gjöfulasti veiðistaður í ánni. Laxinn liggur jafnan í djúpum hyl nærri austurbakka en getur elt og tekið flugu allt upp undir stein í miðri á. Vegna dýpis og straums þarf að huga að þyngd veiðarfæra og farsælt að veiða nokkuð ofan frá.

Staðir 68. og 69.

Beygt er austur af Þjóðvegi rétt norðan við brú og bíl lagt nærri árbakka. Gengið er niður með ánni að stað 68 Bjargstrengur sem er fallegur og gjöfull veiðistaður undir skógi vöxnum móbergsskriðum. Laxinn liggur gjarnan austan við strenginn eða við steina neðar í hylnum.

Staður 69 Ræsi varð til við lagningu nýs vegar og brúar yfir Reykjadalssá. Djúpur hylur myndaðist í neðri hluta ræsisins og neðan þess. Þótt staðurinn sé ekki sá fegursti er hann gjöfull á lax og urriða. Vænlegast er að vaða ræsið ofan frá vestanmegin og hefja veiði um mitt ræsi.